

# ***1. Almennar upplýsingar***

## *Heiti*

Efnahagsyfirlit tryggingafélaga

## *Umsjón hagtalna*

Seðlabanki Íslands, upplýsingatækni og gagnasöfnun

## *Tilgangur*

Gögnunum er safnað í því skyni að fylgjast með þróun og stærð tryggingafélaga og birta samantekt á upplýsingum frá þeim. Gögnin eru einnig hluti af uppgjöri á innlendum lánamarkaði.

## *Heimildir*

Mánaðarlegt efnahagsyfirlit er unnið upp úr mánaðarlegum skýrslum frá 11 tryggingafélögum.

## *Lagagrundvöllur*

Gagnasöfnunin er á grundvelli [laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, 32. gr.](#) Í samræmi við 41. gr. laganna hefur Seðlabankinn heimild að eiga upplýsingaskipti við opinbera aðila um atriði sem lög þessi taka til þegar upplýsingaskiptin eru í samræmi við lögmælt hlutverk Seðlabankans eða móttakanda.

# 1. Aðferðafræði

## Hugtök og skilgreiningar

**Ríkisvíxlar** eru óverðtryggðir og gefnir út af Lánasýslu ríkisins fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands til skemmri tíma en eins árs. Þeir bera ekki vexti og eru greiddir á nafnverði á gjalddaga.

**Kröfur á lánastofnanir** eru kröfur, aðrar en skuldabréf og önnur verðbréf, sem tryggingarfélag eiga á innlendar lánastofnanir.

**Útlán** er samheiti yfir öll útlán tryggingarfélaga í hvaða formi sem þau eru.

**Víxill** er skrifleg áskorun í ákveðnu formi frá útgefanda, til annars manns, greiðanda, um að hann greiði peninga til þriðja manns. Víxlar geta verið víxlar á hendur öðrum manni eða eigin víxlar. Með eigin víxli tekur útgefandinn sjálfur að sér að greiða víxilfjárhæð á gjalddaga. Víxlar eru jafnan óverðtryggðir og yfirleitt notaðir ef um skammtíma fjármögnun er að ræða þ.e. 4 mánuðir eða skemur. Víxlar eru aldrei gerðir til lengri tíma en eins árs.

**Skuldabréf** er skrifleg yfirlýsing útgefanda (skuldara) um skyldu hans til að greiða öðrum aðila (kröfuhafa) ákveðna upphæð ásamt vöxtum yfir tiltekinn tíma og endurgreiða lánið á gjalddaga. Algengt er að skuldabréf séu gefin út til 5-30 ára og þau er hægt að fá bæði verðtryggð og óverðtryggð. Verðtryggð skuldabréf eru að lágmarki til 5 ára, samkvæmt [reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár \(nr.492/2001\)](#), og eru miðuð við vísitölu neysliverðs. Óverðtryggð skuldabréf eru til styttri tíma en fimm ára.

**Gengisbundin skuldabréf** eru skuldabréf þar sem höfuðstóllinn breytist í samræmi við breytingar á gengi ákveðins gjaldmiðils.

**Vísitölubundin skuldabréf.** Með vísitölubindingu skuldabréfs er jafnan átt við að höfuðstóll skuldabréfsins breytist mánaðarlega eftir því sem breytingar verða á verðlagi (vísitölu neysliverðs). Heimilt er að vísitölubinda skuldabréf sem eru til 5 ára hið minnsta.

**Hlutabréf** er ávísun á ákveðinn eignarhlut hluthafa í fyrirtæki sem rekið er sem hlutafélag. Hlutafélagið gefur út sérstakt skjal (hlutabréf) til sönnunar því að eigandi þess (hluthafi) eigi ákveðinn hlut í eignum fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess. Hlutabréf eru oftast viðskiptabréf, þ.e. þau geta gengið kaupum og sölum eins og tilgreint er í samþykktum félagsins.

**Hlutdeildarskírteini** er fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína.

**Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld** eru óuppgerðar heildarskuldbindingar endurtryggjenda vegna gerðra váttryggingasamninga við tryggingarfélag.

**Rekstrarfjármunir** eru eign sem notuð er reglulega eða samfelld í rekstri í lengri tíma en eitt ár, svo sem húsnæði og vélar.

**Aðrar eignir** eru þeir eignaliðir úr efnahags- og rekstrarliðum sem ekki eru sýndir sérstaklega í reikningum tryggingafélaga.

**Eigið fé** er hlutafé/stofnfé, varasjóðir, endurmatsreikningur og óráðstafað eigið fé.

### **3. Áreiðanleiki gagna**

Mánaðarlegu yfirliti skila 11 tryggingarfélag.

### **4. Endurskoðun gagna**

Árslokátölur skv. mánaðarskýrslu desembermánaðar eru endurskoðaðar jafnharðan og ársreikningar berast.

## **5. Birting**

Efnahagsyfirlit tryggingarfélaga er birt á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#) einu sinni í mánuði.

Gögnin miðast við stöðu í lok mánaðar og eru aðgengileg á mánaðarlegri tíðni frá júní 2000.

## **6. Annað**

### *Listi yfir tryggingafélög*

1. Íslensk endurtrygging hf.
2. Líftryggingafélag Íslands hf.
3. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.
4. Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
5. TM líftryggingar hf.
6. TM tryggingar hf.
7. Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta
8. Vátryggingafélag Íslands hf.
9. Viðlagatrygging Íslands hf.
10. Vörður líftryggingar hf.
11. Vörður tryggingar hf.